

BORGARRÁÐ 13. október 2022: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um yfirferð á ferlum vegna eineltis og ofbeldis – MSS221000130

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að borgarráð samþykki að fela skóla- og frístundasviði í samvinnu við mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu að fara kerfisbundið yfir ferla grunnskóla Reykjavíkur gagnvart einelti og ofbeldi. Markmiðið er að kanna hvernig skólar sinna forvörnum og hver viðbrögð skólanna eru komi kvörtun um einelti. Í framhaldi er óskað eftir yfirliti um stöðu mála.

Greinargerð:

Fulltrúi Flokks fólksins hefur áhuga á að sjá hvort samræmt verklag er hjá skólum til að fullvissa ríki um að skólar standi nokkurn veginn jafnfætis varðandi forvarnir, viðbragðsáætlun og úrvinnslu mála af þessu tagi. Lagt er til að athugað verði hvort skólar í Reykjavík hafi þau verkfæri og aðferðir til að geta tekið á móti og unnið með eineltismál með faglegum og skilvirkum hætti. Til dæmis að kannað verði hvort skólar hafi tilkynningareyðublað á heimasíðu; hvort viðbragðsáætlun sé á heimasíðu til upplýsinga fyrir foreldra; hvort lýsing á úrvinnsluferli kvörtunarmála sé aðgengileg á heimasíðu; hvort fyrir liggja upplýsingar á heimasíðu skólans hverjir sitja í eineltisteymi skólans og loks hvort að skýrt sé hverjir taka við eineltiskvörtunum í viðkomandi skóla.